

Sp.

633. Þingsályktun

um landhelgisgæzlu.

(Afgreidd frá Sp. 9. maí).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja öllu andvirði varðskipsins Óðins til smíða á vopnuðum vélbátum til landhelgisgæzlu og hraða smíði þeirra svo sem frekast eru föng á.

Báta þessa skal láta annast landhelgis- og veiðarfæragezlu á þeim svæðum, þar sem mest er þörf á staðbundinni gæzlu á hverjum tíma og hverri vertíð.

Að því leyti, sem varðskip og varðbátar ríkisins geta ekki fullnægt gæzlunni, skal stjórnin leigja nægilega marga þar til hæfa vélbáta og búa þá nauðsynlegum tækjum.